

## Kennsluáætlun

Íslenska/ Landnámið

Haust 2024 5.vikur

Kennarar: Ása Hlín Svavarsdóttir og Hugrún Jónsdóttir kennaranemi frá L.H.Í.

### Lýsing á námslotu:

Í þessari námslotu er efniviðurinn Landnám Íslands. Byrjað er á því að ræða við nemendur um fæðingu eyjarinnar okkar í miðju Atlantshafinu. Í kjölfarið eru kynntir til sögunnar nokkrir landnámsmenn, hvaðan þeir komu, af hverju og hvar þeir settust að. Nemendur setja sig í spor þeirra og leiða hugann að því hvað þeir myndu hafa með sér í sömu aðstæðum.

### Verkefni:

- Ritað og teiknað í verkefnabækur
- Farið í útleiki sem tengjast námsefninu og að setja sig í spor.
- Heimsókn á Landnámssýninguna í Aðalstræti. Umræður um sýninguna og aðstæður fólks á landnámstímanum.

### Hæfniviðmið

#### Að nemandi geti..

- hlustað með athygli á upplestur eða flutning á efni hvort sem er, leiksýning, saga, ljóð eða munnleg frásögn.
- nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi
- Farið á sýningu og nýtt sér þann fróðleik sem þar er boðið upp á og rætt upplifun sína að sýningu afstaðinni.

### Kennsluaðferðir

- Smá fyrirlestrar
- Þemanám
- Útileikir
- Heimsókn á Landnámssýninguna í Aðalstræti

### Ítarefni/kennslubækur

- Komdu og skoðu Landnámið
- Litróf kennsluaðferðanna
- Hinar ýmsu fræðibækur úr fórum kennara.
- Landnámssýningin

### Námsmat, litið er til þessara þátta:

- Virkni og þátttaka í tímum
- færni í ritun bókstafa
- myndræn úrvinnsla
- orðaforði og skilningur
- framkoma á sýningu
- Þátttaka í umræðum

